



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði - Laugavegur sem göngugata.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. mars 2020, var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði vísað til umsagnar hjá umhverfis og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Meirihlutinn virðist ætla að standa við lokun Laugavegar og fleiri gatna í miðbænum sem skapar mörg vandamál. 1. Er ætlunin að hafa tvístefnu milli Snorrabrautar og Barónsstígs þegar búið er að loka Laugaveginum frá Hlemmi þegar fólk kýs að nota Stjörnuports bílastæðishúsið? 2. Er það í fyrsta sinn sem Laugavegurinn yrði tvístefnugata eða hefur hann verið það áður og þá hvaða ár var það?

Fyrri liður fyrirspurnarinnar snýr að því hvort tvístefna verði á Laugavegi milli Snorrabrautar og Barónsstígs, í tengslum við aðgang að bílastæðahúsi við Stjörnuport. Ekki stendur til, á þessu stigi, að breyta Laugavegi í tvístefnugötu milli Snorrabrautar og Barónsstígs.

Seinni liður fyrirspurnarinnar snýr að því hvort Laugavegur hafi áður verið tvístefnugata og ef svo er, hvaða ár hann hafi verið tvístefnugata. Ekki fundust áreiðanlegar heimildir fyrir því hvort og hvaða ár Laugavegur neðan Rauðarárstígs var tvístefnugata að hluta eða í heild. Tvístefna hefur verið á Laugavegi milli Kringlumýrarbrautar og Rauðarárstígs um áratugi.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri